



### ***Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins um hagkvæmt húsnæði***

Á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands svohljóðandi fyrirspurn:

*"Í umfjöllun um verkefnið Hagkvæmt húsnæði hefur komið fram að takmörk séu á því hversu mikið verð íbúðanna getur hækkað. Í samningum á milli Reykjavíkurborgar og þeirra sem fá lóðarvilyrði vegna verkefnisins um hagkvæmt húsnæði kemur fram að seljist íbúð ekki til forgangshópsins (einstaklingar 18-40 ára, þar sem þeir ganga fyrir sem eru að kaupa sínu fyrstu íbúð) innan þriggja vikna frá auglýsingu í fjölmiðlum (þ.m.t. vefmiðla) er heimilt að selja hana á almennum markaði. Ef það kæmi til þess yrðu íbúðirnar þá seldar úr kerfinu um hagkvæmt húsnæði á markaðsverði? Eða yrði verð íbúðinna takmarkað við ákveðnar upphæðir?"*

Svar:

Í verkefninu er gert ráð fyrir því að við úthlutun lóða verði lagt fram áætlað söluverð íbúðanna með fyrirvara um verðlagsbreytingar. Það er á þessu verði sem íbúðirnar verða auglýstar til forgangshóps og sömuleiðis ef forgangshópurinn sækir ekki um þær. Á íbúðunum munu hvíla kvaðir varðandi endursölu þannig að verð þeirra frá fyrstu sölu geta ekki hækkað umfram meðalhækkun hverfisins.

Óli Jón Hertervig